



Selfossi 23.mars 2018

Fundargerð stjórnar

21. fundur stjórnar *Brunavarna Árnessýslu* haldinn föstudaginn 23. mars 2018, kl. 8.15 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi, 2.hæð.

Mætt: Ari Björn Thorarensen, formaður, Ingibjörg Harðardóttir, Jón G. Valgeirsson, Ásta Stefánsdóttir, Eyþór H. Ólafsson, Pétur Pétursson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð. Gestur fundarins var Auðunn Guðjónsson frá KPMG

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 8.15.

1. Ársreikningur BÁ 2017

Auðunn kynnti drög að ársreikningi 2017 og fór yfir niðurstöðu hans. Umræður um einstaka liði. Ársreikningur samþykktur og undirritaður.

2. Endurnýjun samstarfssamnings BÁ og ON

Pétur kynnti endurnýjun á samstarfssamningi BÁ og ON. Stjórn samþykkir drög að samningnum og felur slökkviliðsstjóra að undirrita hann.

3. Eftirlitsáætlun BÁ vegna eldvarnaeftirlits 2018

Með nýrri reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit nr.723 frá árinu 2017 er kveðið á um að slökkvilið eigi að birta skoðunaráætlun um eldvarnaeftirlit í sveitarfélagi. Þessa áætlun má finna á vefsíðu BÁ. Pétur kynnti áætlunina og ræddi um eldvarnaeftirlit sýslunnar.

4. Banaslys í íshelli í Hofsjökli

Pétur sagði frá aðkomu BÁ við leit að manni í íshelli í Hofsjökli.

5. Önnur mál

- Umræður um stöðu sjúkraflutninga á landinu.
- Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 4.mái kl.8:15

Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 09.50

Ari Björn
Ingibjörg Harðardóttir
Ásta Stefánsdóttir
Eyþór H. Ólafsson
Pétur Pétursson
Unna Björg Ögmundsdóttir